

15. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum um skipun barnakennara og laun þeirra, frá 28. nóv. 1919, nr. 75.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Í 1. gr. laganna falli í staflíð b. burt orðin: »eða stundað barnakenslu að minsta kosti 3 ár og hafi vottorð sóknarprests síns og fræðslunefndar eða skólanefndar, þar sem hann síðast kendi, um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu«, — og eftir staflíð e. bætist nýr staflíður f. svolatandi: »hafi verið settur við skólann að minsta kosti eitt ár«.

2. gr.

Orðin: »eða fræðslunefndar« falli burt í 2., 3., 5., 6. og 8. gr. laganna.

3. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

»Nú sækir enginn, sem fullnægir skilyrðinu í 1. gr., staflíð b., um auglýsta kennarastöðu áður en umsóknarfrestur er út runninn, og skal skólanefnd þá gera ráðstöfun til að fá svo hæfan kennara, sem kostur er á, til vetrarins. Leita skal samþykkis yfirstjórnar fræðslumálanna til ráðningarinnar, og tekur kennarinn laun samkvæmt þessum lögum þann tíma er hann kennir«.

4. gr.

Í 6. gr. laganna komi: »settur eða skipaður« í stað »ráðinn«.

5. gr.

Í 8. gr. laganna komi »yfirstjórnarinnar« í stað »stjórnarráðsins«. — Við greinina bætist ennfremur: »Gerir skólanefnd ekki skyldu sína í þessu efni, tekur yfirstjórnin málið í sínar hendur og ræður því til lykta«.

6. gr.

14. gr. laganna orðist þannig:

»Verði kennarastaða óþörf, skal kennarinn eftir löglega uppsögn láta af henni endurgjaldslaust«.

7. gr.

Eftir »Ákvæði um stundarsakir« komi:

»Heimilt er yfirstjórn fræðslumála að veita kennarastöðu manni, sem ekki fullnægir skilyrðum 1. gr. b., sje hann nægilega vel að sjer, hafi reynst góður kennari og skólanefnd mæli með«.

Greinin: »Þeir kennarar, sem ráðnir eru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu veturinn 1919—1920, skulu njóta þeirra launa og dýrtíðaruppbótar, sem til eru tekin í lögum þessum«, falli burt.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við frumvarpið.

Frumvarp þetta er komið frá mentamálanefndinni frá 1920. Aðalbreytingin á gildandi lögum á 1. gr. frumv. En samkvæmt henni veitir barnakensla um 3 ár og vottorð sóknarprests og fræðslunefndar eða skólanefndar þar sem kennarinn kandi síðast um góða kennarahæfileika og árvekni í starfinu ekki lengur rjett til að verða skipaður kennari. Hinsvegar er heimilað í ákvæðum um stundarsakir, að yfirstjórn fræðslumálanna megi undir vissum kringumstæðum veita manni kennarastöðu, sem ekki fullnægir að öllu leyti hinum lögboðnu skilyrðum, og virðist ekkert við það að athuga.

Í 5. gr. er ákvæði um að yfirstjórnin geti vikið kennara frá, ef skólanefndin vanrækir skyldu sína í þessu efni.

Breytingin á 14. gr. fer í þá átt að ef kennarastaða verði óþörf, þó af öðrum ástæðum sje, en þeim, sem nú eru tilgreindar í gildandi lögum, þá skal kennarinn láta af henni endurgjaldslaust eftir löglega uppsögn.

Að öðru leyti vísast til athugasemda mentamálanefndar.